



Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

Mál: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um drög að frumvarpi til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, mál hr. 73/2021.

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) styður breytingar sem koma fram í frumvarpinu og fela í sér að stofnað verði sjálfstætt Vísinda- og nýsköpunarráð sem meðal annars verði ráðgefandi gagnvart ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun. Auk þess er ráðinu ætlað að hvetja til umræðu um málaflokkinn, greina stöðu vísinda og nýsköpunar hér á landi í samanburði við alþjóðlega þróun með hliðsjón af stefnu stjórnvalda og áskorunum hérlendis.

Í september 2020 skilaði VFÍ umsögn um skýrslu forsætisráðuneytis sem bar yfirskriftina: Breytt lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs. Frumvarpsdrögin sem hér eru til umsagnar byggja á fyrrgreindri skýrslu. Í meginatriðum lýsti félagið stuðningi við niðurstöðu verkefnishóps sem vann skýrsluna. Jafnframt var áréttað í umsögn VFÍ að tenging við atvinnulífið sé eitt af lykilatriðum í árangursríku starfi Vísinda- og tækniráðs.

VFÍ telur rétt að fækka í ráðinu frá því sem nú er en jafnframt þarf að tryggja að í ráðinu sitji einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn og þekkingu, sérstaklega þarf að huga að tengingu við atvinnulífið. Eins og kom fram í fyrri umsögn félagsins þá er til mikilla bóta að sett verði á laggirnar sérstök skrifstofa Vísinda- og nýsköpunarráðs sem veiti ráðinu og ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun þjónustu við greiningar- og textavinnu.

VFÍ fagnar því að nú hafi farið fram heildarendurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs og telur að með drögum að frumvarpinu sé stigið rétt skref til að styrkja umhverfi nýsköpunar og rannsókna á Íslandi.

Reykjavík, 19. mars 2021.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.